

Skipulagsstofnun  
b/t Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 22. mars 2019  
UST201903-002/R.K.  
10.05.08

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn – Eyjardalsvirkjun í Þingeyjarsveit, 700 kW rennslisvirkjun**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind vatnsaflsvirkjun skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun veitti umsögn um lýsingu á breytingu aðalskipulags og gerð deiliskipulags vegna ofangreindrar vatnsaflsvirkjunar dags. 27. ágúst sl.

#### **Framkvæmdarlýsing**

Ráðgerð er framkvæmd 700 kW (0,7 MW) Eyjardalsvirkjunar í landi Hlíðarenda og Eyjardalsár. Fyrirhugað virkjunarsvæði er í vestanverðum Bárðardal í Þingeyjarsveit. Um er að ræða rennslisvirkjun með 0,5 m<sup>3</sup>/s virkjað rennsli, 187 m fallhæð og 1,0 ha inntakslóni og stöðvarhúsi í landi Hlíðarenda. Framkvæmdin er á vegum félagsins Eyjardalsvirkjun ehf. og eru helstu mannvirki framkvæmdarinnar stífla, stöðvarhús, slóðar, aðrennslispípa og aðkomuvegir. Áætluð efnisþörf er 8.000 m<sup>3</sup>.

#### **Umhverfisáhrif**

Í greinargerð kemur fram að engin verndarsvæði eru innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og að rasksvæði framkvæmdarinnar sé alls um 9,8 ha (bls. 22). Landsvæðið í Eyjardal er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði.

#### **Gróðurfar**

Fram kemur í greinargerð (bls. 23-24) að innan rasksvæðis framkvæmdarinnar er að finna fjórar vistgerðir með hátt verndargildi og tvær með mjög hátt. Umhverfisstofnun tekur fram að auk þess er að finna tvær vistgerðir innan rasksvæðis með hátt verndargildi en þær eru < 1 ha. Þessu tengt vill Umhverfisstofnun benda á að betra hefði verið að fjalla um raskað land í m<sup>2</sup> frekar en ha þar sem þrjár vistgerðir til viðbótar, þar af ein með hátt verndargildi (língresis- og vingulvist) eru allar undir einum ha í flatarmáli og því ekki skýrt umfang útbreiðslu þeirra vistgerða.

Skv. greinargerð er samanlagt flatarmál vistgerða með hátt eða mjög hátt verndargildi, sem raskast við framkvæmdirnar, 2,6 ha. Stofnunin bendir á að aðeins 30,4% rasksvæðisins er með lágt verndargildi, restin með miðlungs (41,5%) hátt og mjög hátt (25,2%).

Ekki er fjallað sérstaklega um mótvægisáðgerðir vegna raks á þessum vistgerðum og er niðurstaða greinargerðar að heilt yfir séu áhrif á gróður talin staðbundin og óveruleg. Umhverfisstofnun telur, þrátt fyrir að þípuleiðin sé að mestu yfir gróðurlausan mel, að fjalla þurfi um hvernig skal forðast rask eins og kostur er og hvernig skuli bæta upp fyrir það rask sem verður á vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi. Nauðsynlegt er að mati stofnunarinnar að sett sé fram ítarleg vöktunaráætlun framkvæmdar þar sem greint er frá aðferðum frágangs gróinna svæða, þar sé notast er við staðargróður, og að eftirfylgni sé með virkni þeirra mótvægisáðgerða. Þessu tengt bendir stofnunin á að Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) hefur kynnt niðurstöður tilrauna með aðferðum við sáningu staðargróðurs með svokallaðri dreifingu fræslægju. Umhverfisstofnun telur endurheimt náttúrulegs gróðurs sérstaklega mikilvæga þegar um er að ræða vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi.

Þessu tengt telur Umhverfisstofnun jákvæð og brýn þau almennu áform sem greint er frá í greinargerð þar sem segir: „*Leitast verður við að allur frágangur falli sem best að umhverfinu í king. Það verður gert með því að geyma svarðlag, þar sem við á, og það lagt yfir röskuð svæði til að ná fyrri ásýnd lands sem fyrst*“ (bls. 17). Telur stofnunin slík vinnubrögð mikilvæg, þ.e. nýting staðargróðurs með því að varðveita svarðlag, og er vandaður frágangur raskaðs svæðis forsenda þess að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdar. Stofnunin bendir á ofangreindar mismunandi aðferðir til að lágmarka áhrif á staðargróður rakssvæðis, t.a.m. frágangur með nýtingu varðveitts svarðlags eða uppgræðsla staðargróðurs með fræslægju.

Um 0,1 ha gróins lands fara undir vatn við tilkomu rennislíslóns virkjunarinnar (bls. 28) en lónið mun ná yfir tæplega 0,5 ha svæði í heild (bls. 25). Umhverfisstofnun telur að skoða eigi hvernig hægt sé að hagræða staðsetningu stíflunnar og rennislíslónsins til að koma í veg fyrir að stór svæði vistgerða með hátt og mjög hátt verndargildi fari undir vatn.

#### **Vatnalíf, vatnafar og bakkagróður**

Virkjunin mun verða til þess að rennsli mun minnka á tæplega 4 km kafla Eyjardalsár (bls. 9). Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 sem hefur breytt lagaumhverfi nýrra virkjana. Sérstaklega er minnt á ákvæði 13. gr. laganna um manngerð og mikið breytt vatnshlot og 18. gr. laganna sem tiltaka að Umhverfisstofnun sé heimilt að leyfa breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að umhverfismarkmiðum verði ekki náð nema að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Vöktunaráætlun virkjunarinnar þarf að taka mið af þessum nýju kröfum.

Rennsli í kafla árinna á milli stíflu og stöðvarhús verður mjög lítið að vetri til en lindir á austurbakkanum við stíflustæði munu sjá til þess að árfarvegurinn þorni aldrei að fullu og nægi til að viðhalda bakkagróðri skv. greinargerð (bls. 25-26). Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gerðar séu ráðstafanir til að forðast landbrot eftir bestu getu á þeim svæðum þar sem hætta er á miklum áhrifum rennislisbreytinga á bakka árinna.

Í úttekt sinni árið 2015 mat Veiðimálastofnun (nú Hafrannsóknarstofnun) frjósemi í Eyjardalsá vera mjög litla og áin ekki vatnsmikil. Var þetta mat gert neðan áformaðrar virkjunar (neðan frárennslisskurðar) (bls. 29). Ennfremur segir að foss ofan stöðvarhúss sé ófiskgengur og áhrif virkjunarinnar á fiskgengan hluta árinna því lítil. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreint.

Botndýralíf var ekki kannað 2015 en Umhverfisstofnun telur að það líf sem er á botni árinna á áhrifakafla hennar sé ekki umtalsvert og áhrif virkjunarinnar því óveruleg. Þó verða áhrifin mikil á það botndýralíf sem til staðar er á áhrifakafla árinna þar sem rennsli skerðist sem mest yfir vetrarmánuðina.

### **Landslag og ásýnd**

Fram kemur í greinargerð að 3.200 m löng aðrennslispípa verður niðurgráfin svo áhrif framkvæmdar á ásýnd og landslag sé lítið og að rask á grónu landi verði takmarkað eins og hægt er (bls. 12). Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í greinargerð um að með góðum frágangi á framkvæmdarsvæðinu er hægt að takmarka áhrif á ásýnd og gróðurfar.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að áformuð aðrennslispípa og aðkomuvegur liggja um lítt gróna mela. Núverandi aðkomuslóði liggur um melana meðfram Kröflulínu 1. Rétt ofan við er fyrirhuguð Hólasandslína 3.

Líkt og áður sagði telur Umhverfisstofnun mikilvægt að notaður verði staðargróður við frágang aðrennslispípu á óröskuðu landi. Þetta er m.a. svo að óviðeigandi gróður vaxi ekki í sárið og hafi slæm áhrif á landslagsásýnd svæðis.

Stofnunin bendir á vefsíðuna [www.namur.is](http://www.namur.is) til leiðbeiningar um efnistöku, frágang efnistökusvæða og upplýsingar um uppgræðslu raskaðra svæða.

Hámarkshæð stöðvarhúss er áætlað 6,0 m og telur um 80 m<sup>2</sup> auk bílastæða. Frárennslisskurður verður um 160 m frá stöðvarhúsi að Eyjardalsá. Umhverfisstofnun telur að hönnun og litarval stöðvarhúss ætti að vera hagað á þann hátt að mannvirkið falli sem best að landslaginu til að lágmarka áhrif virkjunar á ásýnd svæðis.

### **Vernd**

Í greinargerð segir: „*Framkvæmdarsvæði Eyjardalsvirkjunar [...] liggur hvergi um land sem verndað er vegna jarðmyndana.*“ (bls. 33). Umhverfisstofnun tók fram í ofangreindri skipulagsumsögn stofnunarinnar að innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis virkjunar má finna nútímahraun, Bárðardalshraun, skv. kortsjá NÍ sem sýnir dreifingu svæða undir sérstakri vernd (<https://serstokvernd.ni.is/>). Um er að ræða forsögulegt hraun sem liggur meðfram Skjálfandafjótí en á svæðinu liggja einnig vegir og þar er landbúnaður stundaður. Umhverfisstofnun bendir á að nútímahraun nýtur sérstakrar verndar 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og því er mikilvægt að forðast rask á heillegum hraunmyndunum. Að því sögðu er það mat stofnunarinnar að ólíklegt er að framkvæmdin muni hafa umtalsverð áhrif á hraunið sem aðeins skarast við skipulagsmörk á milli stöðvarhúss og núverandi vegar (sjá yfirlitskort viðauka A).

Tekið skal fram að Umhverfisstofnun telur enn að liggja þurfi fyrir í deiliskipulagi svæðisins að hvaða marki framkvæmdin hefur áhrif á jarðmyndanir sem falla undir sérstaka vernd skv. náttúruverndarlögum og vistgerðir með verndargildi. Þá sé mikilvægt að mati stofnunarinnar að eftirfylgni og vöktun við frágang raskaðra svæða verði í

vöktunaráætlun framkvæmdarinnar. Ætti leyfisveiting að vera bundin því að vöktunaráætlun tilgreini framangreinda þætti að mati stofnunarinnar.

### Niðurstaða

Út frá umfangi og eðli framkvæmdar er um að ræða rennslisvirkjun sem er hvorki umfangsmikil hvað varðar mannvirki né landsvæði framkvæmdar. Þá ber einnig að hafa í huga staðsetningu virkjunar. Ekki er um að ræða umtalsvert rask á svæði sem nýtur verndar að því undanskildu að nútímahraun nýtur sérstakrar verndar 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar eru að mati Umhverfisstofnunar helst neikvæð áhrif á vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi. Með góðum frágangi má hins vegar takmarka þessi neikvæðu áhrif og er góður frágangur með staðargróðri forsenda þess. Umhverfisstofnun áréttar að vönduð vinnubrögð við frágang og eftirfylgni tilgreind í vöktunaráætlun framkvæmdar séu forsendur þess að heildar umhverfisáhrif framkvæmdarinnar geti ekki talist umtalsverð.

Umhverfisstofnun veltir því upp hvort ágóði framkvæmdarinnar, þá aðallega samfélagslegur, sé nægur til að réttlæta það rask sem framkvæmdin veldur á umhverfinu og þá sérstaklega þeim vistgerðum sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi. Af þeim ástæðum leggur Umhverfisstofnun mikla áherslu á að mótvægisáðgerðum, í formi endurheimtar staðargróðurs sem ber að vernda, sé ítarlega lýst í vöktunaráætlun framkvæmdarinnar og ber leyfisveitanda að tryggja það. Er það forsenda þess að framkvæmdin valdi ekki umtalsverðum umhverfisáhrifum að mati stofnunarinnar.


Með vísan í framangreint er það mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdin, líkt og henni er lýst í greinargerð og að gefnum ofangreindum forsendum, sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sigurður Ingason  
Sérfræðingur